**Nd.** **50. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 (Vegalög).

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Eftir A. 1. í 2. gr. laganna komi:

2. Hafnarvegur, frá Höfn í Hornafirði að vegamótum vegarins til Almannaskarðs.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt áskorun sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu og einróma óskum þingmálafunda í kjördæminu.

Vegarkafli sá, er um ræðir, er um 5 kílómetrar og liggur frá Hafnarkauptúni á þjóðveginn eftir endilangri sýslunni. Þetta er fjölfarnasti vegur í sýslunni, er hann að öllu leyti sambærilegur við ýmsa þá vegarkafla, sem nú eru í tölu þjóðvega, t. d. Eyrarbakkabraut, Hvammstangabraut, Sauðárkróksbraut o. s. frv.